

Athugasemdir við frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga

1. 4. mgr. 16. gr. – framfærsluviðmið sem umboðsmaður skuldara setur

Þetta framfærsluviðmið verður væntanlega ekki ennþá orðið til þegar umboðsmaður tekur til starfa, verður þá miðað við núverandi neysluviðmið til bráðabirgða, eða er eitthvað í vinnslu.

2. 3. gr.

- a. Væri ekki réttara að hún hétu bara „*Kröfur sem greiðsluaðlögun tekur ekki til*“
- b. 4. mgr. 3. gr. Þar er fjallað um eftirgjöf einstakra krafna, ekkert er í frumvarpinu talað um nánari útfærslu á þessu, hvaða skilyrði þarf slík krafa að uppfylla... hvernig er hægt að réttlæta slíka eftirgjöf á sama tíma og gætt er jafnræðis kröfuhafa. – er verið að ræða um samningskröfur vs. Veðkröfur kannski ?

Hvernig er þá með þá sem eru í dag með samþykktu nauðasamninga skv. gildandi lögum, þeir hafa þá leitað í lakara úrræði þar sem ekki endilega er kveðið á um eftirgjöf skulda í lok samningstíma- þeir hafa ekki rétt skv. frumvarpinu til þess að láta endurskoða sinn samning, né hafa þeir kost á því að sækja aftur um greiðsluaðlögun

- c. f. Liður um vangoldinn virðisaukaskatt, á þá að miða við að vangoldinn virðisauki sé greiddur framhjá samningnum eða verða einhverjar heimildir til að fresta slíkum greiðslum. Vangoldinn virðisaukaskattur er skv. gildandi lögum hluti af heildar pakkanum, þ.e. samningskröfum. Þannig er með þessu ákvæði verið að styrkja stöðu hins opinbera sem kröfuhafa þ.e. þegar synjunarástæða 2. mgr. 6. gr. d. á ekki við .
 - i. Í þessu samhengi mætti einnig skoða þær niðurfellingar sem gert er ráð fyrir í c. lið sbr. 6. mgr. 12. gr. 1. nr. 50/2009, og 2. mgr. 7. gr. í drögum að frumvarpi um tímabundið úrræði fyrir einstaklinga er eiga tvær eignir

3. Í almennum athugasemdum á bls. 13 er talað um að, „Að loknu greiðsluaðlögunartímabili skulu samningskröfur afskrifaðar, en áfram skal greitt af veðkröfum sem rúmast innan matsvirðis eignar sem þær hvíla á“

Þetta er í ósamræmi við 4. mgr. 3. gr. þar sem fjallað er um hvað má kveða á um með greiðsluaðlögun.

Hvað varðar eftirgjöf skulda þá þarf væntanlega að vera samræmi í lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga og svo X. kafla gþl. um nauðasamning til greiðsluaðlögunar þ.e. kveða á um þess almennu reglu um eftirgjöf þar.

4. e-liður 6. gr.

- a. Þarf ekki að kveða á um árafjölda líkt og gert er í gbl. Í dag um 3 ár. Sbr. 2. tl. 38. gr.
 - b. Um sérstakar aðstæður. Hvernig væri þá með einstaklinga sem eru með nauðasamning skv. gildandi lögum og lenda í því að missa atvinnu.... ? Það þarf að taka á þeim vanda líka.
5. Í kafla um breytingar á öðrum lögum er fjallað um breytingu á 63.gr. b. gbl., þar er lagt til að reglur x. kafla laganna gildi um nauðasamning til greiðsluaðlögunar, að frátalinni 3. mgr. 60. gr., þar er væntanlega verið að fjalla um 4. mgr. ? eins og staðfest er á bls. 38 í athugasemdum um ákvæðið.

Athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 50/2009 um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna

1. Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 50/2009 er gerð krafa um að umsækjandi hafi lögheimili í þeirri fasteign sem greiðsluaðlögun tekur til.
Í 2. gr. er fjallað um að þrátt fyrir ákv. 2. mgr. Geti greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna tekið til fasteignar skuldara þótt hann haldi þar ekki heimili, enda þurfi hann tímabundið að sækja nám eða vinnu fjarri heimili. Í athugasemdum er fjallað ítarlega um að tilgangur þessa ákvæðis sé að rýmka um lögheimilisskilyrði. Þetta þarf að skýra.
2. Í 2. Gr. frumvarpsins má sjá að skilyrði um „ákveðna skuld“ hefur verið tekið út, sem er jákvætt og víkkar þá gildissvið laganna til krafna sem tryggðar eru með tryggingarbréfum. – Hver er útfærslan á þessu? Í tímabundinni greiðsluaðlögun er ekki gert ráð fyrir innköllun krafna, hvenær á þá kröfuhafi að taka afstöðu og með hvaða hætti? - ætti þá að gera ráð fyrir að það fari fram innköllun í ákv. Tilfellum? Sbr. 4. mgr. 4. gr.

Athugasemdir við frumvarp til laga um tímabundið úrræði einstaklinga er eiga tvær fasteignir til heimilisnota

1. Í frumvarpi til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga er gert ráð fyrir að lögheimilisskilyrði sé felld út sbr. breyting á 63. gr. a. laga um gjaldþrotaskipti (4. mgr.) Á þetta skilyrði enn að gilda varðandi einstaklinga sem nýta sér tímabundið úrræði vegna tveggja eigna og þeirra sem óska greiðsluaðlögunar vegna fasteignaveðkrafna ? Er þá ekki ennþá verið að útiloka ákveðinn hóp einstaklinga?